

Aðalfundur Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna 10. febrúar 2011 í húsi AkureyrarAkademíunnar, Þórunnarstræti 99. Fundur settur kl. 18.30

Fundarmenn voru tíu.

Dagskrá:

1. Kosning embættismanna fundarins. Valgerður H. Bjarnadóttir kjörin fundarstjóri og Margrét Guðmundsdóttir kjörin ritari.

Valgerður gaf Þóru Pétursdóttur formanni orði.

2. Skýrsla stjórnar var flutti af formanni Þóru Pétursdóttir. Stjórnarfundir voru 12 á starfsárinu sem er að vísu venju fremur stutt. Störf félagsins að mestu unnin í sjálfböðavinnu, þó störfuðu ræstitækna á vegum þess og ráðinn var verkefnisstjóri fyrir haustþing félagsins. Alls hafa 15 aðilar leigt aðstöðu í húsinu á starfsárinu 2010-2011. Félagið hélt úti fyrirlestraröðinni sem undangengin ár. Á Akureyrarvöku fylltist húsið hér af gestum í morgunkaffi sem félagið bauð upp á. Haustþing undir heitinu *Menningin og monningurinn*, var haldið á haustdögum eins og lög gera ráð fyrir en vorþing býður vorsins. Dagur hússins var haldinn samkvæmt venju á vígludegi þess í októbermánuði og þar hélt Björn Þorláksson rithöfundur og háskólanemi erindi. Félagið beitti sér fyrir mánaðarlegum súpufundum ýmissa menningarstjórnenda í bænum. Á degi kvenfélagskonunnar 1. febrúar var dagskrá í húsinu þar sem félagar kynntu verk sín og saga hússins var rakin. Unnið var lítilega að Runa verkefninu – Rannsóknir í upphafi nýrrar aldar – á starfsárinu, verkið var prófarkalesið en peninga skortir til að ljúka því að fullu. Fundarmenn þökkðu Þóru formanni með lófataki.

3. Reikningar félagsins. Pétur Björgvin Þorsteinsson lagði fram og kynnti reikninga félagsins sem kjörnir endurskoðendur höfðu þegar undirritað. Fundarmenn þökkðu Pétri fyrir alla umsýslu og góða skýringar.

4. Lagabreytingar. Engar tillögur bárust um lagabreytingar.

5. Kjör formanns til eins árs. Þóra Pétursdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa. Stjórnin stakk upp á Pétri Björgvin Þorsteinsson og hann var kjörin með lófataki.
6. Kjör eins stjórnarmanns til tveggja ára. Stjórnin stakk upp á Ingibjörgu Sigurðardóttur og hún var kjörin með lófataki. Tveir varamenn til eins árs Sigurgeir Guðjónsson og Guðmundur Árnason gefa ekki kost á sér. Stjórnin stakk upp á Þóru Pétursdóttur og Kristínu Þóru Kjartansdóttur og þær voru samþykktar samhljóða.
7. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga. Margrét Guðmundsdóttir og Sigurður Bergsteinsson voru endurkjörin.
8. Ákvörðun félagsgjalda. Fundarmenn samþykktu samhljóða að halda þeim óbreyttum 1500 krónum.
9. Framtíð félagsins. Pétur búin að panta símaviðtal við menntamálaráðherra í marsmánuði. Félagið þarf að skrifa skýrslu fyrir fundinn og senda hana til ráðherra áður en símafundurinn verður. Ræða þarf framtíð hússins við ráðherra en ekki eingöngu félagsins. Pétur varpaði fram þeirri hugmynd að lögð yrði rækt við innra starfið á haustmánuðum. Félagar hvattir til að setja á blað styrkleikar AkureyrarAkademíunnar. Ingibjörg benti á að tengsl AkureyrarAkademíunnar við bæjarbúa og staðbundin menningararf og listir. Valgerður lagði til að félagar semdu stutta greinargerð (um eina blaðsíðu) um starf sitt innan akademíunnar sem unnt væri að senda ráðherra. Hugmynd að hafa fyrirlestraröð með félögum um verk í vinnslu – þar sem kynnt væru verkefni félaga. Bráðavandinn varðandi reksturinn lítillega ræddur. Ákveðið að boða til félagsfundar laugardaginn 12. mars um framtíð félagsins kl. 10.00, fundarmenn koma með meðlæti á hlaðborð með sér.
10. Hugmynd að stofnun Hollvinafélags hússins rædd. Pétur Björgvin sagði frá því að málið hefur verið reifað við Kvennasamband Eyjafjarðar. Sambandið myndi eiga fulltrúa í stjórn væntanlegs félagsins.

Hollvinasamtök Sigurhæða voru stofnuð í síðustu viku. Stjórn falið að vinna áfram að því að hrinda hugmyndinni í framkvæmd.

Fundi slitið kl. 20.15. með lófataki.